



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 25.2.2025

Málsnúmer: 202501-0060

IAS

Efni: Geitasandur, Geldingalækur – breyting aðalskipulags.

Vísað er í erindi frá Rangárþingi ytra, dagsett 13. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Geitasands og Geldingalæks.

Gert er ráð fyrir að hluti af skógræktar- og landgræðslusvæði SL5 innan Geitasands verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði en fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi til akuryrkju, aðallega fræræktar. Þá er gert ráð fyrir að breyta landbúnaðarsvæði syðst í landi Geldingalækjar í um 136 ha skógræktar- og landgræðslusvæði þar sem markmiðið er að auka þekju birkiskóga á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun bendir á að umrædd svæði eru innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendi, og að allar breytingar á landnotkun geta haft áhrif á fuglalíf.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur